

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
Þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunnsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/sk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 30. TBL.

23. APRÍL 2010

Engidalsskóli og Víðistaðaskóli sameinaðir

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti með 11 samhljóða atkvæðum í vikunni að sameina Engidalsskóla og Víðistaðaskóla frá haustinu undir einni yfirstjórn. Þetta er niðurstaðan úr sva-nefndri tillögu D sem vinnuhópur á vegum fræðsluráðs Hafnarfjarðar lagði til en hann hefur starfað frá því í febrúar. Í vinnuhópnum störfuðu fulltrúar stjórn-málaflokka í bæjarstjórn, fulltrúar foreldra í skóla- og foreldraráðum í norðurbænum, starfsfólk Skólaskrifstofu og skólastjórar í leik- og grunnskólum bæjarins í norðurbænum.

Hin eiginlega breyting á skólastarfsemi frá hausti sem snýr að nemendum er að nemendur í Engidalsskóla sem farið hafa í Víðistaðaskóla við lok 7. bekkjar fara nú í skólann við lok 4. bekkjar. Með þessari breytingu er talið að þjónusta við nemendur á miðstigi (5.-7. bekk) aukist og meiri sveigjanleiki fáiast í skólastarfið. Það á við um betra aðgengi að íþróttahúsnæði, félagsstarfi og meiri möguleikar á félagslegum samskiptum í fjölbreyttari nemendahópi.

Lögð verður áhersla á að allir fastráðnir starfsmenn skólanna tveggja haldi störfum sínum. Rúmist einhverjir ekki innan hins nýja skóla verður þeim boðið upp á sambærilegt starf innan skólakerfisins í Hafnarfirði þótt ekki sé hægt að tryggja

öllum stjórnendum sambærilegt starf. Samhliða ákvörðun um sameiningu grunnskólanna í norðurbænum voru þrjár aðrar tillögur meirihlutans samþykktar á bæjarstjórnarfundinum í vikunni sem tengjast henni. Þær voru:

Tillaga 1. Að fenginni samþykkt bæjarstjórnar um sameiningu Engidalsskóla og Víðistaðaskóla er sviðsstjóra og skólaskrifstofu falið að undirbúa og framkvæma sameininguna á grundvelli tillagna starfshópsins í samvinnu við stjórnendur skólanna og starfsfólk.

Tillaga 2. Fræðsluráð samþykkir að fela sviðsstjóra að láta framkvæma úttekt á mögulegri nýtingu hluta húsnæðis Engidalsskóla fyrir leik-

skóla og meta kostnað sem slíku fylgir. Sérstaklega skal kannað hvort hagkvæmt sé að flytja leikskólann Álfaberg í húsnæðið og auka við starfsemi hans.

Tillaga 3. Fræðsluráð samþykkir að taka upp viðræður við Hjallastefnuna um endurskoðun samninga milli aðila með hagræðingu fyrir bæjarfélagið að markmiði. Sérstakur starfshópur skipaður einum fulltrúa þeirra stjórnarmálaflokka sem sæti eiga í bæjarstjórn skal annast viðræðurnar ásamt sviðsstjóra.



Myndirnar eru úr skólastarfi Engidalsskóla og Víðistaðaskóla.



FRÉTTIR

úr
stjórn-
kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 19. apríl
205. fundur:

- Lögð fram greinargerð vinnuhóps um tillögu að breyttu skólaskipulagi í norðurbæ með sameiningu Engidalsskóla og Víðistaðaskóla. Kynnt vinna hópsins og gerðar bókanir í ráðinu (sjá fundargerð). Samþykkt samhljóða (fimm atkvæði) tillaga um sameiningu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- » Skil á verkefnum í margmiðlunarsamkeppni Skólaskrifstofunnar rennur út þann 30. apríl nk. eða næsta föstudag. Verkefnum skal koma til Skólaskrifstofunnar, Strandgötu 31.
- » Nú eru lausnir við vinnubækurnar með **EKKO** komar út. Þær eru gefnar út á pdf-formi á geisladiski sem skólar geta pantað. Lausnirnar verða ekki gefnar út á vef. Á vef Námsgagnastofnunar er komin hljóðbók með **Dejlige Danmark** sem er kennslubók í dönsku fyrir unglingastig grunnskóla. Grunnbókin **Dejlige Danmark** er einnig gefin út á vef. Það er hægt að panta vinnubók með **Dejlige Danmark** eða prenta hana út af vef Námsgagnastofnunar. Búið er að opna nýja vefi, **Leikur að íslenskum orðum** og **Play with English**. Þetta er í raun vefur í íslenski útgáfu (**Leikur að íslenskum orðum**) og enski útgáfu (**Play with English**). Íslenska útgáfan er ætluð til málörvunar nemenda með hægan málþroska og ekki síður þeirra sem eru með annað móðurmál en íslensku. Enska útgáfan hentar til enskukennslu á yngsta stigi.
- » Í síðasta tölublaði **Skólavefritsins** var þess getið að Víðistaðskóli hefði verið í úrslitum BEST, stærðfræðikeppni grunnskólanna, í ár. Við það tækifæri láðist að geta að Hvaleyrarskóli átti einnig fulltrúa í úrslitum BEST.



Fjársjóðurinn sýndur í Engidalsskóla



Leiksýning

Tvær myndir af þremur á forsíðu eru einnig úr leiksýningunni *Fjársjóðurinn* sem sýnd var í Engidalsskóla fyrir stuttu og var leikin af nemendum skólans.



Tilkynning vikunnar

Minnt er á að skráningar standa nú yfir á málþing Skólaskrifstofu um nám og kennslu á mörkum leik- og grunnskóla þann 4. maí í Víðistaðaskóla kl. 13.30-16.30. Skráð er í síma 585 5800 eða á netfangið skolaskr@hafnarfjordur.is. Skráð er á þingið til 30. apríl.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
30. apríl 2010

Námskeiðahaldið í næstu viku



Vefhornið

Miðvikudagur 28. apríl:

- Námskeið 202, **Verkefnisstjórn forystuskóla**, kl. 13.30-16 á Skólaskrifstofunni. Síðasti tími.

Námskeiðahaldi á vegum Skólaskrifstofunnar lýkur þar með á þessu skólaári. Ekki er ljóst enn þá með styrkveitingar úr endurmenntunarsjóði grunnskóla fyrir námskeið skólaárið 2010-2011.



VEFSLÓÐ: http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvið/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi_skolaskrifstofu/